



Framkvæmda- fréttir 32. tbl. /05



*Gledileg jól
og farsælt komandi ár*

Hringvegur (1) í Eyjafirði.

Reykjanesbraut (41)

Tvöföldun, Fífuhvammsvegur - Kaplakriki

Í þessu blaði er auglýst útboð á tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhvammsvegi að Kaplakriki. Eftirfarandi er útdráttur úr útboðsgögnum þar sem framkvæmdum er lýst nánar. Fyrirvari er um breytingar í lokafrágangi útboðsgagna.

Almennt

Í útboðinu felst stækkun gatnamóta við Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg ásamt tengingum við Bæjarlind, lóð ÓB-orku / KFC og lóð ESSO.

Gatnamótum við Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg verður breytt í samræmi við breikkun vegarins, en þau verða áfram ljósastýrð í plani. Tengja skal tvöfaldaða Reykjanesbraut við nýbreikkaða Reykjanesbraut í suðri skammt norðan við gatnamótin við Hamrabergið.

Verktaki skal tryggja að aðkomur að og frá lóð ÓB-orku / KFC og ESSO verði opnar allan verktímamann. Verktaki fær

heimild til að loka Arnarnesvegi og Vífilsstaðavegi austan Reykjanesbrautar í allt að tvær vikur hvorum vegi meðan á framkvæmdum stendur. Hnoðraholtbraut skal vera opin meðan Vífilsstaðavegur er lokaður. Vífilsstaðavegurinn skal þó alltaf vera opin fyrir neyðartilvik; sjúkraflutninga og slökkvilið.

Vegna breytinga á gatnamótum skal verktaki færa til eða setja upp ný umferðarljós. Umferðarljós skulu vera virk meðan á breytingum stendur. Setja skal upp nýja umferðarljósastólpa eða bráðabirgðaljósastólpa og tengja umferðarljós áður en hin eru aftengd. Alla vinnu við umferðarljós skal vinna í nánú samráði við eftirlit.

Verktaki skal gera að- og fráreinar nýju akbrautarinnar að væntanlegum römpum mismislaðra gatnamóta við Arnarnesveg í fulla breidd með tilskildu slitlagi í fullri þykkt eins og sýnt er á teikningum. Einnig skal verktaki ganga frá neðsta hluta rampa við Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg og að- og fráreinum fyrir væntanleg gatnamót við Urriðaholt eins og sýnt er á

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 32. tbl. 13. árg. nr. 421 19. desember 2005

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



teikningum. Axlir eru að öðru leyti lagðar með tvöfaldri klæðingu.

Fyrirhugað er að gera mislæg gatnamót á mótum Reykjanesbrautar og Urriðaholtsbrautar. Urriðaholtsbrautin mun liggja undir Reykjanesbraut og verða því miklar skeringar í hraunlög á gatnamótunum. Verktaki skal hefja undirbúningsframkvæmdir við þessi gatnamót með því að vinna þarna efni í fyllingar og kjarna jarðvegsmana og nýta gatnamótin sitt hvoru megin Reykjanesbrautar sem námu.

Útvíkkanir á gatnamótum ganga m.a. út yfir núverandi gangstíga með Vífilstaðavegi næst gatnamótunum og skal verk-

taki halda opinni og greiðri gönguleið með Vífilstaðavegi og um gatnamótin á framkvæmdatíma.

Skípt verður um jarðveg niður á fasta undirstöðu undir nýju akbrautinni nema á kafla frá stöð 5.660 að stöð 5.860 þar

Undirskrift samninga á Suðvestursvæði

Þann 7. desember sl. var skrifað undir tvo samninga um verkið Reykjanesbraut, breikkun; Strandarheiði-Njarðvík.

Jónas Snæbjörnsson og Jóhann Bergmann gerðu samning við Jarðvélar ehf. um verkið. Samningsupphæð er 1.175.434.500 kr. Ólafur Kjartansson skrifaði undir samninginn fyrir hönd Jarðvéla.

Jarðvélar hófu þegar flutning á vinnubúðum, sem verða staðsettar við Grindavíkurvegamótin. Verkið hefst af fullum krafti eftir áramót og áætla verktakinn að ljúka því snemma sumarið 2007, þannig að hann fái greitt hámarksflýtifé samkvæmt samningnum.

Þá var gengið frá samningum við verkfræðistofuna Hönnun hf. um eftirlit með framkvæmdinni. Um er að ræða marksamning að upphæð 30,4 m.kr. Sigurður Arnalds undirritaði samninginn fyrir hönd Hönnunar.



Ólafur Kjartansson og Jónas Snæbjörnsson

Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41), Fífu-hvammsvegur - Kaplakriki 03 - 009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Reykjanesbraut (41), Fífu-hvammsvegur - Kaplakriki“.

Í verkinu felst tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fífu-hvammsvegur og Kaplakrika, með breytingum á núverandi gatnamótum við Arnarnesveg, Vífilstaðaveg og Álftanesveg. Ný undirgöng fyrir gangandi umferð verða gerð við Bæjargil og Vífilstaðalæk og núverandi undirgöng við Hnoðrahóltsbraut verða lengd. Grafa skal fyrir væntanlegum mislægum gatnamótum við Urriðaholtsbraut og nýta efnið til fyllingar í öðrum hlutum verksins. Tengja skal undirgöng fyrir gangandi umferð við núverandi stígakerfi sveitarfélaga, gera jarðvegsmanir meðfram Reykjanesbraut milli Arnarnesvegur og Vífilstaðavegar og áfram um 150 m suður fyrir Vífilstaðalæk og vinna þá landmótun sem nauðsynleg er til að ljúka verkinu. Verkið er unnið í samráði við bæjarfyrvöld í Kópavogi og Garðabæ.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	177.000 m ³
Fyllingar og burðarlög	147.000 m ³
Malbik	45.000 m ²
Steinsteypa	950 m ³
Steyupustyrktarstál	72.000 kg
Stálbogagöng	117 m.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 20. desember 2005. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 24. janúar 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Hljóðmanir við Reykjanesbraut.



sem vegurinn liggur um Vetrarmýri. Á þeim kafla verður vegfylling lögð út á óhreyft land og yfirfylling gerð úr neðra burðarlagsefni til að flýta fyrir sigi í undirlögum vegstæðis. Fylla skal í vegfláa með yfirhæð þar sem yfirfylling kemur í sama tilgangi. Gert er ráð fyrir að fargið þurfi að standa í um 5 mánuði áður en það verður fjarlæggt aftur.

Verkkaupi lætur fylgjast með sigi með sigmælingum fyllinga á kaflanum frá stöð 5.660 að stöð 5.860 þar sem yfirfylling verður sett og verður metið út frá þeim hvenær hagkvæmt þykir að fjarlægja fargið af fyllingu og hvort veglína um mýrina skuli sett í yfirhæð eftir að fargið er fjarlæggt. Verktaki skal hefja verkið með gerð vegfyllinga í mýrinni og yfirfyllingum þar til að flýta fyrir sigi.

Nýta skal alla uppúrtekt til vegfyllingar og gerð jarðvegsmana. Allt nýtilegt efni skal verktaki nota til vegfyllingar en annað efni úr skeringum, ónothæft í fyllingar, skal nýta í jarðvegsmanir og til landmótunar. Verktaki skal nýta efni úr uppgrefti fyrir væntanleg mislæg gatnamóta við Urriðaholtsbraut í fyllingar og burðarlög, ef það hentar. Svæði við gatnamót nýtist þannig sem náma fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar.

Jarðvegsmanir

Verktaki skal gera jarðvegsmanir meðfram Reykjanesbraut og ganga frá þeim að fullu eins og teikningar sýna.

Jarðvegsmanir neðan við byggðina í Hnoðraholti eru með styrktri hlið er snýr að vegi. Eru notaðar til þess netgrindur út stáli og er fláinn með halla 4:1. Verkkaupi leggur til efni í netgrindur. Fremst við netgrindur er raðað grjóti, 0,5 m breitt lag með steinastærð 100-200 mm er myndar útlit manar en fyrir aftan er kjarni gerður út þjöppunarhæfu efni. Skipt er um jarðveg niður á burðarhæfan botn undir kjarna. Í fyllingu utan með kjarna og til landmótunar er notað efni sem er ónothæft í fyllingar eða kjarna.

Verktaki skal gera jarðvegsmanir vestan Reykjanesbrautar milli Hnoðraholtsbrautar og Vífilsstaðavegar og nýta til þess uppúrtekt, sem er ónothæf í fyllingar.

Verktaki skal einnig gera jarðvegsmanir fyrir sunnan Vífilsstaðalæk og nýta til þess kargaefni frá uppúrtekt í Vífilsstaðahrauni. Við frágang manar skal setja yfirborðshraun þannig að yfirborð manar líkist sem mest aðliggjandi hraunsvæði.


Undirgöng fyrir gangandi umferð

Í verkinu felst gerð undirganga úr stálbogum á steyptri undirstöðu fyrir gangandi umferð við Bæjargil og Vífilsstaðalæk. Nýju undirgöngin ná undir báðar akbrautir vegarins og því skal fjarlægja núverandi undirgöng.

Núverandi undirgöng við Bæjargil, sem eru gerð úr forsteyptum einingum, verða tekin upp og skal verktaki fjarlægja þau í nýtanlegum einingum. Núverandi stálbogaundirgöng við Vífilsstaðalæk verða einnig tekin upp og skal verktaki fjarlægja þau í nýtanlegum einingum og flytja einingar beggja



Snið




undirganganna í þjónustustöð Vegagerðarinnar að Hringhelli 4, Hafnarfirði. Gerð verða ný stálbogaundirgöng á steiptum undirstöðum á sömu stöðum og núverandi undirgöng eru, sem eru víðari og ná undir báðar akbrautirnar. Undirgöngin við Bæjargil ná einnig undir jarðvegsmön sem kemur með nýju akbrautinni og austan hennar. Tengja skal undirgöngin stíga-kerfi Garðabæjar við sinn hvorn enda ganganna.

Göngin verða gerð í tveimur áföngum. Fyrst verður sá hluti ganganna gerður sem kemur undir nýju akbrautina og skal núverandi undirgöngum við Bæjargil haldið opnum meðan á þeirri framkvæmd stendur en heimilt er að loka umferð um

undirgöngin við Vífilstaðalæk á meðan á framkvæmdum stendur. Eftir að gerð eystri akbrautar er lokið á þessum kafla verður umferð færð yfir á hana og grafið fyrir undirgöngum í vestari akbraut, núverandi undirgöng fjarlægð og nýju undirgöngin framlengd og fullgerð. Steyptir stoðveggir koma við alla gangamunna, mismiklir eftir aðstæðum.

Meðan unnið er að gerð undirganga undir núverandi akbraut við Bæjargil þarf að taka niður hluta af timburvegg (um 16 m) sem er með veginum að vestanverðu og setja hann upp aftur á sama stað eftir að undirgöng hafa verið gerð.



Undirgöng við Hnoðraholtsbraut

Í verkinu felst lenging undirganga við Hnoðraholtsbraut fyrir akandi umferð. Göngin eru staðsteypt með malbikuðu slitlagi, gerð fyrir tveggja akreina veg og gangstíg öðrum megin vegar.

Núverandi undirgöng fyrir akandi umferð við Hnoðraholtsbraut verða lengd undir nýju akbrautina og miðdeilið. Verktaki fær heimild til að loka umferð um göngin í þrjá mánuði (12 vikur) meðan á framkvæmdum stendur. Á þeim tíma mega engar takmarkanir vera á umferð um gatnamót Reykjanesbrautar

og Vífilsstaðavegar eða um Vífilsstaðaveg austan gatnamótanna.

Verktaki skal setja vegrið við undirgöng. Við undirgöng við Hnoðraholtsbraut eru stoðir vegriða boltaðar niður á hefðbundinn hátt á nýja hluta undirganganna en boltaðar niður með límboltum á eldri hluta undirganganna. Annars staðar eru stoðir grafnar eða reknar í vegfyllingu á hefðbundinn hátt.



Hallgrímur Helgason rithöfundur heimsótti fund starfsfólks þróunarsviðs Vegagerðarinnar 13. desember sl. Við það tækifæri var honum færð ljósmynd af honum sjálfum sem var tekin þegar hann var ungur maður í brúarvinnu í Ísafjarðardjúpi.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1) og Sauðárkróksbraut (75), gatnamót við Varmahlíð 05-085

Tilboð opnuð 13. desember 2005. Endurgerð gatnamóta Hringvegur (1) og Sauðárkróksbrautar (75) við Varmahlíð.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	15.900 m ³
Fláafleygar, efni úr skeringum	3.000 m ³
Fláafleygar, efni úr námum	5.700 m ³
Neðra burðarlag	2.900 m ³
Efra burðarlag	1.200 m ³
Tvöföld klæðing	5.450 m ²
Hellulagnir	45 m ²
Frágangur fláa	10.200 m ²

Verkið skiptist í tvo hluta og skal fyrri hluta lokið 15. júní 2006 og síðari hluta 22. september 2006.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	29.625.226	100,0	7.815
2	Fjörður ehf., Varmahlíð Skagafirði	26.520.825	89,5	4.711
1	G. Hjálmarsson, Akureyri	21.809.900	73,6	0

Smíði vegriðsstoða 05-083

Tilboð opnuð 6. desember 2005. Smíði heitgalvaniseraðra vegriðsstoða með handlista fyrir fimm brýr.

Helstu magntölur eru:

Heildarþyngd efnis er u.þ.b.	16.368 kg
Fjöldi vegriðsstoða er	399 stk.
Lengd handlista er	781,2 m

Verki skal að fullu lokið 21. febrúar 2006.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
7	Stálver ehf., Reykjavík	10.725.000	144,7	7.131
6	Límtré Vírnet ehf., Borgarnesi	9.847.731	132,9	6.254
5	Vélsmiðja Alla ehf., Blönduósi	8.521.570	115,0	4.928
4	Stálafli-orkuiðnaður ehf., Garðabæ	8.156.540	110,1	4.563
---	Áætlaður verktakakostnaður	7.410.231	100,0	3.816
3	Stálsmiðjan Virkni ehf., Garðabæ	4.860.000	65,6	1.266
2	Sandblástur og málmhúðun hf., Akureyri	4.236.431	57,2	642
1	Grímur ehf., vélsmiðja, Húsavík	3.593.957	48,5	0